

Nd.

344. Nefndarálit

[59. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Meiri hl. nefndarinnar vill láta samþykkja frumvarpið. Ég get hins vegar ekki komið auga á þau rök, er mæli með því, að vinnumiðlunarskrifstofur, sem á undanförnum góðærum nægrar atvinnu nutu stuðnings af hálfu ríkisins eins og hverjar aðrar gagnlegar stofnanir, verði sviptar þeim stuðningi og starfsemi þeirra þannig stórlega lömuð einmitt núna, þegar vaxandi atvinnuleysi ógnar öllum verkalyð, — og legg þess vegna til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1950.

Jónas Árnason.